

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1989

II

KUML Í MERKURHRAUNI

Rannsókn 1. júlí 1989.

Guðmundur Ólafsson



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2005

KUML Í MERKURHRAUNI NORÐAN SKARÐSTANGA

Aðdragandi

Þann 26. júní kom Þorvaldur Friðriksson, fornleifafræðingur og fréttamaður RÚV, á Þjóðminjasafnið og tilkynnti um beinafund í Merkurhrauni í Landmannahreppi (8608), skammt frá Þjófafossum.

Tildrögin voru þau, að Hannes Stefánsson var þar á ferð fyrir nokkrum dögum með hóp þýskra ferðamanna, sem ætluðu að skoða Þjófafossa. Villtist hópurinn af leið, fór fram hjá fossunum og áfram eftir vegarslóðanum þar til þeir komu að Miðtanga, sem er um eins kílómeters löng og um 50 m breið grastunga, sem liggur til austurs frá Þjórsá austanmegin. Beggia vegna hennar er uppblásið hraun og vikursandar.



Mynd 1. Yfirlitskort af fundarstað. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1907. Fundarstaður er merktur með rauðum hring á kortinu. (Stafrænt kort LÍ).

Er hópurinn fór út til að kanna umhverfið, gekk einn þýsku ferðamanna fram á veðraða höfuðkúpu sem lá í uppblásinni hraunlæg, um 5 m norðan við grastunguna, hálfgrafin í sand og vikur. Hann tók hana upp og sýndi fararstjóra, sem lét höfuðkúpuna aftur á sinn stað.

Þann 24. eða 25. júní fór Þorvaldur Friðriksson með honum á staðinn og gróf litla prufuholu þar hjá. Kom hann niður á fleiri mannabein á um 30 cm dýpi, og hætti við svo búíð.

Óskaði Þorvaldur eftir því að undirritaður færi með sér á vettvang og rannsakaði staðinn, og var slegið fastmælum að láta af því verða þegar næstu helgi.

Rannsókn


Laugardaginn 1. júlí var lagt af stað um morguninn. Komið var við á Þjóðminjasafninu og náð í uppgrafarhöld og annan útbúnað. Á Selfossi slógust Erlingur Brynjólfsson sagnfræðingur og Hannes Stefánsson leiðsögumaður í förina. Ekið var sem leið lá upp Landsveit, að fundarstað beinanna og rannsókn hafin.



Mynd 2. Fundarstaður beina fyrir miðju. Hvíti bletturinn er hluti af höfuðkúpu á yfirborði. Þorvaldur Friðriksson og grastorfa Miðtanga er til hægri. Búrfell í baksýn. GOL1989-6-32.

Samkvæmt prufuholunni sem Þorvaldur hafði grafið virtist sem gröfin snéri í norður-suður. Sett var upp sniðlína í samræmi við það eftir norður-suður öxli, svo að sem mestar líkur væru fyrir því að línan færi eftir gröfinni endilangri. Miðað var við segulnorður-stefnu áttavita. Skilinn var eftir 15 cm breiður sniðveggur vestan snúrunnar, og sniðteikning síðan teiknuð af vesturhlið sniðveggs.

Er efsta lagið, eða um 10 cm, hafði verið hreinsað ofan af gröfinni, komu útlínur grafarinnar í ljós, og sást þá að gröfin lá ekki í norður-suður eins og talið hafði verið, heldur í NV-SA. Sniðið lenti því ekki eftir gröfinni endilangri, eins og ætlunin var, heldur skáhallt yfir hana þvera.



Mynd 3. Lausleg flatarteikning af útlínunum grafar og legu beina í gröfnni. Teikn. G.Ó.



Mynd 4. Sniðteikning af gröfnni. Í sniðinu sést að grafnn hefur verið hola í miðja gröfnn, alveg niður að beinagrindinni. Gular rendur tákna grágræna gjóska í torfi. Svartar rákir tákna svarta gjósku. Rauðar rendur sýna dökkbrúna mold í torfi. Neðst, undir gröfnni er hraungrjót; ljós Heklu vikur þar ofan á og síðan sandur. Í yfirborði er þunnt lag af svörtum vikri. Teikn. G.Ó.

Höfuðkúpan lá í suðaustur horni grafarinnar, brotin í nokkra hluta þegar að var komið. Stærsti hlutinn hafði fundist á yfirborði. Útlínur grafarinnar bentu til þess að hún hafi verið um 160 - 180 cm að lengd og 66 cm breið til fóta, og um 60 cm breið við axlir. Þegar byrjað var að grafa niður, sást að gröfnn hafði verið grafin niður á hraunið sem þarna er undir öllu, og að hún var dýpst um miðjuna. Grynna var niður á hraunið við höfða- og fóttagafl. Þetta hafði valdið því, að höfuðkúpan stóð upp úr og hælbein beinagrindarinnar kom í ljós aðeins 5 cm undir yfirborði.

Ástand beina

Beinin voru nokkuð vel varðveitt, en all meyr. Fótarbein voru einna verst farin og voru beinendar morknir. Reynt var að ná öllum beinum upp í heilu lagi og þess vegna voru t.d. öll smábein tekin upp í stórum klumpum ásamt sandblendinni moldinni sem þau lágu í og þau síðar hreinsuð fram á Þjóðminjasafni af Jóni Steffensen.

Beinagrindin virðist hafa verið af fullvaxinni konu, um 160 cm að hæð. Tennur voru mjög slitnar, sumar niður í rót. (Sjá nánari greiningu Jóns Steffensens á beinum).

Lega beina var eins og áður sagði frá NV-SA. Líkið hafði verið lagt til í gröfinn þannig, að hendur voru lagðar í skaut þess, og fætur lágu samsíða, þétt saman. Ekki lá beinagrindin þó alveg bein, heldur var dálítill sveigur á henni, sem hefur líklega myndast vegna þess að grafarbotninn var misdjúpur og ekki flatur.



Mynd 5. Gröfin, eftir að beinin voru hreinsuð fram. Skekkt stelling beinanna sést mjög vel. (GÓL 1989-6-12).

Umbúnaður grafar

Augljóst var að gröfin var mjög blásin þegar hún fannst. Rofabard vestan í svonefndum Miðtanga skammt austan við gröfina bendir til að um 60 - 100 cm hafi fokið ofan af gröfinni. Þess vegna vantar forsendur til að gera á henni nákvæma aldursgreiningu út frá afstöðu jarðlaga. Fáein athyglisverð atriði bentu þó til ákveðins grafarumbúnaðar og gáfu vísbendingu um aldur grafarinnar.

Gröfin hafði verið grafin niður í gegn um 10 cm þykkt gulbrúnt moldarlag [2], sem lá undir svörtum vikri á yfirborðinu [1]. Undir moldarlaginu var 4 cm þykkt sand- eða gjósku-lag [3], norðan megin grafarinnar, en sunnan hennar var sandlagið 12 cm þykkt og náði frá yfirborði niður að ljósu grófu vikurlagi (sýni 3) sem var 6 cm sunnan grafarinnar en 20 cm norðan hennar. Þetta ljósa vikurlag, sem er líklega Heklulagið H3, lá ofan á hraungrjóti [4], sem var undir gröfinni allri.

Mynd 6. Nærmynd af efri hluta beinagrindar. Brot af kambí og skafti, líklega af hnífi, fundust sennilega við mitti, undir handarbeinum.



Í botn grafarinnar virtist hafa verið lagt torf með svartri (sýni 1) og grá-grænnri (sýni 2) gjósku í. Þannig hefur líkið verið látið hvíla á grænni torfu. Sams konar torf hefur verið lagt ofan á líkið, og mátti sjá að svartu gjóskulagið, (sem hefur þá líklega verið neðst í grastorfinu), hafði lagst upp að beinunum.

Yfir líkinu mátti sjá brúnar viðarleifar, líklega af fjöl eða fjölum, sem lagðar hafa verið í gröfina yfir líkið. Ekki sást neinn vottur af þessum viðarleifum niður með hliðum grafarinnar, eða undir beinunum, þannig að ekki virðist um það að ræða, að líkið hafi verið jarðsett í kistu. Sýni náðist af viðarleifunum.

Ofan á fjalirnar hafa enn verið lögð 2 - 3 lög af torfum, með sama svartu gjóskulaginu í, og á milli gjóskulaganna var grágræna gjóskulagið mjög þykkt. Á stöku stað mátti sjá þunna strimla af gulbrúnu moldinni á milli gjóskulaganna.

Engir munir fundust í gröfinni við uppgröftinn. Til þess að eiga ekki á hættu að týna handarbeinum, voru hendurnar teknar upp í einu lagi og settar í poka, ásamt jarðveginum undir þeim. Er beinin voru tekin upp og hreinsuð á Þjóðminjasafni fann Jón Steffensen brot úr kambí og lítinn hólk úr beini sem er líklega skaft af litlum hníf.

Sýni

Tekin voru 5 jarðvegssýni og 1 viðarsýni:

- *Sýni 1.* Svört gjóska sem tekin var úr torfi í gröfinni.
- *Sýni 2.* Grá-grænleit gjóska, tekin úr torfi í gröf. Virðist vera dökki hlutinn af landnámslaginu. Ljós hluta lagsins virðist vanta.
- *Sýni 3.* Ljós vikur undir gröf. Sennilega er þetta H-3 sem féll skömmu eftir að Merkurhraun rann,
- *Sýni 4.* Dökkt gjóskulag með ílöngum glerkornum er einkenni Eldgjár, tekið af lærlegg. Undir landnámslaginu er svört gjóska sem er með aflöngum glerkornum. Hún líkist Eldgjárgjósku og er ekki hægt að greina nema með efnagreiningu. (Það sem kallað hefur verið Katla 1000, er nú talið vera Eldgjá 934).
- *Sýni 5.* Ljóst lag, tekið af lærlegg. Líklega sama og sýni. 2.
- *Sýni 6.* Viðarleifar úr gröfinni. Tekið úr fjöl sem var yfir beinum.

Fundur

Við rannsókn á staðnum fundust engir munir í gröfnni. Vegna þess hve morkin beinin voru, var hluti grafarinnar tekinn upp í stórum kögglum, til þess að hægt væri að hreinsa beinin við betri aðstæður. Jón Steffensen sem rannsakaði beinin á Þjóðminjasafni fann leifar af *kambi* og líklega *hnífsskafti* úr beini, innan um handarbeinin við mjaðmargrindina. Kamburinn var allur í molum og skaftið var líka brotið.

Allar jarðvegsleifar úr sýninu voru sigtaðar og öllum beinaögnum sem hugsanlega gátu hafa verið brot úr þessum gripum var safnað saman.



Brotum úr kambi raðað saman (F-1). (GÓL 2005).

F. 1. *Einhliða kambur* úr beini. Um 8 - 10 brot. Okið hefur verið negldur með a.m.k. 11 hnoðnöglum. Hann er um 0,8 cm breiður við endann og er breiðastur um 1,1 cm. Endahlutinn er 2,2 cm breiður, en allar tennur eru brotnar úr millistykkinum.



Hnífsskaft úr beini (F-2). Hnúður á enda tangans sést koma út úr skaftinu lengst til vinstri. Óvíst er hvort litla stykkið til hægri tilheyrir skaftinu. (GÓL 2005).

F. 2. *Hnífsskaft*. Skaftið er úr beini, 4,7 cm langt og 1 cm breitt. Innan í því er *tangi* úr *járni*, líklega af *hnífi*. Á miðju skaftinu er far eftir hnoðnagla úr járni. (Í fyrstu var talið að þetta væru leifar af nálhúsi og og nál, nánari athugun bendir til þess að þetta sé hnífsskaft).

Umræða og niðurstöður

Beinafundur sem þessi, vekur óhjákvæmilega upp spurningar um hvernig standi á því að jarðað er á þessum stað. Ef um kuml er að ræða, þarf staðarvalið ekki að teljast óvenjulegt. Spurningin er bara sú, hvort hér sé um eina einstaka gröf, eða hvort fleiri hafi hugsanlega verið jarðsettir þarna í kring.

Vitað er úr heimildum, að á þessu svæði hafi verið byggð til forna. Þannig er getið um að bærinn Mörk hafi verið í miðju Merkurhrauni, og að þar hafi verið bænhús á 13. öld.

Er hugsanlegt að þarna nálæg hafi bærinn Mörk staðið einhvern tíma, og að gröfin hafi verið tekin við bænhúsið?

Grafnar voru allmargar prufuholur í nágrenni staðarins til þess að kanna hvort ekki myndust verksummerki um frekari mannavist á þessum stað. Ekkert fannst sem bent gat til fleiri grafa eða mannvirkja í kring. Á yfirborði er ekki hægt að sjá nein ummerki um mannavist. Frekari gröftur er því ekki árennilegur að svo stöddu, þar eð mikill tími getur farið í að leita af sér allan grun, án þess að nokkur víska sé fyrir því að árangur náist.

Prufuholurnar sem teknar voru benda til þess að byggð sé ekki í nánasta umhverfi grafarinnar, og styðja þannig við tilgátu um að þarna sé um að ræða kuml frá 10. öld.

Á herforingjaráðskorti frá 1907 er Skarfaness næsti bær á svæðinu, rúmlega tveim km sunnar. Hann virðist hafa verið fluttur um set einu sinni eða tvisvar, því að eyðibýlin Forn-Skarfaness og Gamla-Skarfaness, sem einnig er nefnt Litla Skarfaness, eru bæði sýnd á kortum skammt frá gröfni. Þannig er gröfin um 500 m norður frá Gamla-Skarfaness og um 1,5 km norður af Forn-Skarfaness. Freistandi er að álykta að kumlið hafi tilheyrt einhverjum ábúanda Gamla-, eða- Forn- Skarfaness.

Mörgum spurningum er ósvarað varðandi aldur grafarinnar og ýmsar vangaveltur hafa vaknað í sambandi við hana og umbúnaði hennar. Endanleg niðurstaða um aldur hennar liggur ekki ljós fyrir, en í því sambandi rétt að velja eftirfarandi atriðum upp til umræðu.

1. Ef ljósa vikurlagið sem gröfin er grafin í gegn um er Hekla 3, þá eru sterkar líkur á því að svarta gjóskulagið sem er í torfi ofan í gröfni, sé annað hvort Eldgjárgjóskan 934, eða svörtu lögin sem eru rétt undir landnámslaginu. Grágræna lagið gæti verið landnámslagið, þó að ekki sé hægt að fullyrða neitt um það að svo stöddu.

Gröfin hefur verið tekin eftir að svarta lagið féll, og sé svarta lagið Eldgjá 934 er gröfin nokkru yngri en það, hugsanlega frá miðri 10. öld, eða síðari hluta 10. aldar.

Ef gröfin hefði verið yngri en 1104 hefði gjóska frá H1104 að hafa sést í torfinu í gröfni, en engin merki hennar voru sjáanleg. Í framhaldi af því liggur beint við að álykta, að gröfin hafi verið tekin áður en gjóskan H-1104 féll.

2. Ef svarta gjóskan er sú sama og finnst undir landnámslaginu gæti gröfin verið eldri, eða frá um 900 eða fyrri hluta 10. aldar. Erfitt er að segja til um hvor tilgáta 1 eða 2 sé réttari fyrir en gjóskulagasýnin hafa verið greind af jarðfræðingi.

Hvort sem tilgáta 1 eða 2 er réttari, þá bendir allt til þess að gröfin sé frá því fyrir árið 1000 og að hún sé stök og ekki úr kirkjugarði. Þannig virðist að bæði aldur, staðsetning og gripir sem í gröfni eindregið benda til þess að um kuml að ræða.



Horft til vesturs á hluta þversniðs sem sýnir torf sem lagt hefur verið yfir gröfina. (GÓL 1989-6-2).

Aðrir beinafundir á svæðinu

Þess má geta að áður hafa fundist mannabein á þessu svæði. Þann 9. nóvember 1972 hafði Sigurður Sigmundsson verkstjóri í Búrfellsvirkjun samband við Þjóðminjasafnið og sagði að raflinumenn hefðu fundið fjórar höfuðkúpur rétt hjá Skarfanesi þar sem bærinn hafði staðið áður. Þetta er um 7 - 8 m hár hóll, sem stendur í uppblæstri, rétt hjá nýju línunni. Þeir voru að athuga um efni eða slíkt þegar þeir komu niður á höfuðkúpunar. Beinir komu í ljós þegar grafið var eins og skóflustungu niður. Þessi beinafundur mun ekki hafa verið kannaður nánar (skv. minnispunktum Þórs Magnússonar).

Einnig fannst hauskúpa á svonefndum Mannabeinahól við Elsta Skarfanes þann 24. maí 1992. Sigurgeir Þorbjörnsson tilkynnti um fundinn og sendi afstöðumynd af fundarstað. Hugsanlega hefur höfuðkúpan verið send Þjóðminjasafni, en hvorki hún né beinafundurinn frá 1972 virðist hafa verið skráður í Sarp.

Lýsingin á þessum síðast töldu beinafundum bendir til þess að þeir hafi verið heima við bæinn og því vafalaust úr fornum kirkjugarði. Þess er enda getið í *Prestatali og prófasta* að kirkja hafi verið í Skarfanesi (Sveinn Nielsen 1954:67). Ekki er hægt að tengja þann beinafund við kumlið sem hér er til umræðu.

Að lokum má nefna að Þórður Tómasson afhenti safninu nokkra gripi sem hann fann hjá hinu forna bæjarstaði Skarfanes. Þetta eru snældusnúðar, kljásteynar og gjallmolar. Munirnir eru skráðir í Sarp 1973:134 – 138.